

Truenorth ehf
Fiskislóð 31A
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2023
UST202305-022/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku, ljósmyndatöku og akstri utan vega við Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth ehf., dagsett 3. maí 2023, um leyfi til kvikmyndatöku, ljósmyndatöku og aksturs utan vega innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Verkefnið færi fram í fjörunni norðan við Syðristapa. Keyrt yrði á 10-12 bifreiðum með búnað niður í fjöruna. Kort sem sýnir akstursleiðir og staðsetningu tókustaðar fylgdi með umsókn. Mögulega yrði komið fyrir matartjaldi á svæðinu. Tvær bifreiðar yrðu á staðanum á meðan tókur færu fram en aðrar bifreiðar myndu koma og fara og lagt tímabundið á bílastæðum ofan við fjöruna. Klósett Kerru og rafstöð yrði komið fyrir í fjörunni. Fjaran verður slóðadregin að tókum loknum og hrífað til eins og þarf. Undirbúningur fyrir tókurnar færi fram 12. maí næskomandi, tókurnar sjálfar færu fram 13. maí og frágangur hæfist strax um kvöldið. Gert er ráð fyrir að klára allan frágang á svæðinu 14. maí 2023. Að tókunum kæmu 32 manns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á nátturufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Til skamms tíma metur stofnunin að verkefnið hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins en áhrifin séu afturkræf. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og verkefnið því líklegt til að hafa áhrif á gesti svæðisins á meðan það fer fram. Stofnunin metur þó að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á meðan það fer fram á ásýnd svæðis og gesti sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku, ljósmyndatöku og akstri utan vegar innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan 10.-14. maí 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandaskal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka ökutækjum að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til aðaka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir
svæðissérfræðingur